

hefði verið, ef vél væri til, sem gæti búið til sólskin. Og ekki þyrfti annað en að setja hana á stað, þegar dimt er og nætur eru orðnar langar, þá yrði loftið alt logandi bjart. Væri það ekki gaman?

En nú er samt hægt að *búa til sólskin*. Og við getum gert það. Þið, börn! getið gert það. Já, það er satt! Þið getið búið til sólskin. Að vísu ekki samskonar sólskin og maðurinn í New York ætlaði sér að búa til. Ónei! Það er annarskonar sólskin. Og guð vill einmitt gera okkur mennina að *lifandi vélum* — ef leyfilegt er að brúka samlíkinguna—, sem einlægt eru að búa til sólskin — gera himininn bjartan fyrir ofan sig og heiminn bjartan í kring um sig.

„Mamma!“—sagði drengur einn, sem kom frá kirkju— „veistu, hvað presturinn sagði í dag? Hann sagði, að við ættum að búa til sólskin.“ — „Já, það er satt!“—sagði móðirin, sem skildi, hvað átt var við.—„Eg veit, að drengurinn minn getur búið til sólskin. Hann hefur gert það stundum. En stundum hefur hann búið til myrkur, því miður. Mömmu er illa við myrkrið hans. Hún er hrædd við það. En blessað sólskinið, sem hann býr til, þykir henni svo undur vænt um. Og hún óskar þess og biður, að drengurinn hennar megi búa til mikið af sólskini bæði fyrir hana og marga aðra. Langar þig ekki til þess, elskan mín?“ — Og hann leit brosandi framan í mömmu sína og sagði: „Jú, það langar mig til. En hvernig á eg að fara að því?“

Og mamma hans sagði honum frá því. Hið sama vil eg gera. Eg vil segja ykkur frá því, hvernig þið eigið að fara að því að búa til sólskin.

Þegar þið eruð *glöð* og *ánægð*, þá eruð þið að búa til sólskin. Og þegar þið eruð *góð* og *hlýðin* og *hjálpðóm* og *brjóstgóð* og *viljið öllum vel gera* og eruð *elskuleg*,— þá eruð þið að búa til sólskin.

Þetta getið þið; því hann—drottinn—sem segir: *Látið ljós yðar skína*—, gefur ykkur sjálfur ljósið. Hann kennir ykkur að búa þetta sólskin til.

Jesús Kristur er ljós heimsins — stóra sólin, sem gerir himininn svo ljómandi bjartan og býr til alt sólskinið í heiminum.

Þegar hann var hér á jörðunni, huggaði hann þá, sem harmþrungnir voru; hjálpaði þeim, sem bágt áttu; læknaði þá, sem sjúkir voru; lifgaði þá, sem dánir voru; og gerði þá að góðum börnum, sem vonðir voru. Hann bjó til sólskin handa öllu þessu fólki. Lét sólskin verða í hjörtum þeirra. Sólskin